



Reykjavík, 29. febrúar 2024

Varðar: Laugavegur 143 – fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. febrúar 2024 þar sem sótt er um leyfi til að breyta USK23070246 sem snýr að breyttri notkun frá íbúðum í gistiheimili í flokki 4 í húsi nr. 143 við Laugaveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Breyting á deiliskipulagi, samþykkt 22. febrúar 2018

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir Laugavegur 143 borgarhluta 4 Laugardalur og er á skilgreindu íbúðasvæði ÍB20 Tún.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, Skúlagaröðsreitir vestari, samþykkt 20. júlí 2006 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 143 við Laugaveg er steinsteypt íbúðarhús með þrem íbúðum, byggt árið 1930 skv. fasteignaskrá. Það er því friðað skv. lögum um menningarminjar 80/2012. Óskað er eftir álit skipulagsfulltrúa á leyfi til að breyta erindi USK23070246 sem snýr að breyttri notkun frá íbúðum í gistiheimili í flokki 4 í húsi nr. 143 við Laugaveg.

Í gildandi deiliskipulagi er ekki minnst sérstaklega á gististarfsemi á reitnum. Þar er ekki gert ráð fyrir auknu byggingamagni á lóðinni. Í breytingum á deiliskipulagi fyrir lóðirnar 143 og 145 við Laugaveg, samþykkt 22. febrúar 2018, er gert ráð fyrir að færa húsin nær upprunalegri hönnun og m leið fjölga íbúðum. Í tillögnum er gert ráð fyrir að rífa núverandi rishæðir, hækka húsin um eina hæð og nýja rishæð þar ofaná.

Ennfremur er tekið fram að ekki er heimilt að vera með hótél, veitinga eða gististarfsemi í húsinu að undanskilinni gistingu í flokki I (heimagisting).

- Ekki er heimilt að vera með hótél, veitinga eða gististarfsemi í húsinu að undanskilinni gistingu í flokki I (heimagisting) .

Því er tekið neikvætt í erindið.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið gistað í húsinu, samræmist ekki deiliskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri